# Föstudagur 20. október

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Gosi** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.25 **Antilópan snýr aftur** (Return of the Antilope). Breskur myndaflokkur fyrir börn og unglinga. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær (15)** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Austurbæingar** (Eastenders). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Opnun Borgarleikhússins.** Bein útsending frá opnunarhátíðardagskrá í Borgarleikhúsinu. Leikarar og starfsfólk Leikfélags Reykjavíkur flytja brot úr sögu L.R. í tali og söng. Ávörp flytja Davíð Oddsson, Hallmar Sigurðsson, Sigurður Karlsson og Baldvin Tryggvason. Einnig frumflytur Kammersveit Reykjavíkur verk eftir Atla Heimi Sveinsson. Stjórn útsendingar Björn Emilsson.
21.30 **Peter Strohm** (Peter Strohm). Þýskur sakamálamyndaflokkur með Klaus Löwitsch í titilhlutverki. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
22.20 **Neðanjarðarbrautin** (Subway). Frönsk bíómynd frá 1985. Leikstjóri Luc Besson. Aðalhlutverk Isabelle Adjani, Christophe Lambert og Rivhard Bohringer. Ungur maður kemur í afmælisveislu hjá ungri fallegri stúlku. Ungi maðurinn er hinn dularfyllsti, og hrífst stúlkan af honum. Hún veit ekki að athvarf hans er í neðanjarðargöngum Parísarborgar. Þýðandi Pálmi Jóhannesson.
00.00 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.35 **The Jerk,** Aulinn, segir frá Naven sem alinn er upp hjá svartri fjölskyldu í Mississippi. Einn góðan veðurdag uppgötvar Naven sér til mikillar hrellingar að hann er ekki svartur. Aðalhlutverk: Steve Martin, Bernadette Peters, Catlin Adams og Jackie Mason.
17.05 **Santa Barbara.**
17.50 **Dvergurinn Davíð.** Teiknimynd sem gerð er eftir bókinni Dvergar.
18.15 **Sumo-glíma.** Þessi óvenjulega íþrótt er til umfjöllunar í þessum þáttum sem eru alls fimmtán.
18.40 **Heiti potturinn.** Djass, blús og rokktónlist.
19.19 **19:19.** Frétta og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.30 **Geimálfurinn Alf.** Aðalhlutverk: Alf, Max Wright, Anne Schedeen, Andrea Elson og Benji Gregory.
21.00 **Sitt lítið af hverju.** A Bit of a Do. Breskur gamanmyndaflokkur í sex þáttum. Fimmti þáttur. Aðalhlutverk: David Jason, Gwen Taylor, Nicola Pagett, Paul Chapman og Michael Jayston.
21.55 **Barátta nautgripabændanna.** Comes a Horseman. Rómantískur vestri sem gerist í kringum 1940 og greinir frá baráttu tveggja búgarðseigenda fyrir landi sínu. Olíuborarar sjá hagnað í landflæmi búgarðseigendanna og reyna allt sem þeir geta til að komast yfir það. Aðalhlutverk: James Caan, Jane Fonda og Jason Robarts.
23.55 **Alfred Hitchcock.** Vinsælir bandarískir sakamálaþættir sem gerðir eru í anda þessa meistara hrollvekjunnar.
0.20 **Freistingin.** Versuchung. Hin frísklega stúlka, Marta, er starfandi listamaður í heimalandi sínu, Póllandi, þegar hún kynnist verðandi eiginmanni sínum, Ludwig frá Sviss. Aðalhlutverk: Maja Komorowska, Helmut Griem og Eva-Maria Meineke.
2.05 **Herbergi með útsýni.** A Room with a View. Myndin fjallar um unga enska stúlku af góðum ættum sem ferðast um Flórens í fylgd frænku sinnar. Í leit sinni að herbergi með fallegu útsýni kynnist unga stúlkan ástinni í fyrsta sinn. Aðalhlutverk: Helena Bonham-Carter, Maggie Smith, Denholm Elliott og Julian Sands. Leikstjóri: James Ivory. Bönnuð börnum.
3.55 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Birgir Ásgeirsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** – Sólveig Thorarensen. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Margrét Pálsdóttir talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Pottaglamur gestakokksins.** Jón X.T. Bui frá Víetnam eldar. Umsjón: Sigríður Pétursdóttir. (Einnig útvarpað kl. 15.45.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Að hafa áhrif.** Umsjón: Finnbogi Hermannsson. (Frá Ísafirði)
10.00 **Fréttir.**
10.03 **Þingfréttir.**
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Kíkt út um kýraugað.** Umsjón: Viðar Eggertsson.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti aðfaranótt mánudags.)
11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá föstudagsins í Útvarpinu.
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.15 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Margrét Pálsdóttir flytur.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.00 **Í dagsins önn.** Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.30 **Miðdegissagan:** Svona gengur það eftir Finn Seborg. Ingibjörg Bergþórsdóttir þýddi. Barði Guðmundsson les (3).
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags kl. 3.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Goðsögulegar skáldsögur.** Annar þáttur: Mary Renault og sögurnar um Þeseif. Umsjón: Ingun Ásdísardóttir. (Endurtekinn þáttur frá kvöldinu áður.)
15.45 **Pottaglamur gestakokksins.** Umsjón: Sigríður Pétursdóttir. (Endurtekinn þáttur frá morgni.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Saint-Saens og Lehár.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað aðfaranótt mánudags kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningu og listir líðandi stundar.
20.00 **Litli barnatíminn** – Kári litli í skólanum eftir Stefán Júlíusson. Höfundur les (5).
20.15 **Hljómplöturabb** Þorsteins Hannessonar.
21.00 **Kvöldvaka.** a. Þegar vetrar þokan grá. Ljóð og lög íslenskra höfunda um vetur og vetrarkomu. b. Íslensk tónlist. Kór Víðistaðakirkju, Jóhann Daníelsson, Árnesingakórinn, Sigrún Gestsdóttir o.fl. syngja. c. Skáld á Skriðuklaustri. Frá athöfn í minningu Gunnars Gunnarssonar í Fljótsdal í sumar. Ávarp Franziscu Gunnarsdóttur og frásögn Sigurðar Blöndals. Einnig fluttur lestur skáldsins á kafla úr Fjallkirkjunni. Umsjón: Gunnar Stefánsson.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Kvöldskuggar.** Jónas Jónasson sér um þáttinn.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Ómur að utan.** Umsjón: Signý Pálsdóttir.
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið** – Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
8.00 **Morgunfréttir.** –
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum.
14.06 **Milli mála.** Árni Magnússon leikur nýju lögin. Stóra spurningin. Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Flosi Eiríksson kl. 15.03.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu sími 91- 38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Á djasstónleikum.** Frá tónleikum Kvartetts Tómasar R. Einarssonar á norrænum útvarpsdjassdögum í Svíþjóð í fyrra.
21.30 **Fræðsluvarp:** Enska. Fyrsti þáttur enskukennslunnar Í góðu lagi á vegum Málaskólans Mímis. (Endurtekið frá þriðjudagskvöldi.)
22.07 **Kaldur og klár.** Óskar Páll Sveinsson með allt það nýjasta og besta.
2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

**NÆTURÚTVARP**

2.00 **Fréttir.**
2.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekið úrval frá þriðjudagskvöldi.)
3.00 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur frá liðnu kvöldi.
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Undir værðarvoð.** Ljúf lög undir morgun. Veðurfregnir kl. 4.30.
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Blágresið blíða.** Þáttur með bandarískri sveita- og þjóðlagatónlist, einkum bluegrass- og sveitarokk. Umsjón: Halldór Halldórsson. (Endurtekinn þáttur frá laugardegi á Rás 2.)
7.00 **Úr smiðjunni.** Sigurður Hrafn Guðmundsson segir frá gítarleikaranum Jim Hill og leikur tónlist hans. (Endurtekinn þáttur frá laugardagskvöldi.)

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Sigursteinn Másson og Haraldur Kristjánsson.** Morgunhanar í föstudagsham. Tónlist og spjall í bland.
9.00 **Páll Þorsteinsson.** Tónlist og spjall. Vinir og vandamenn kl. 9.30. Páll býður heppnum hlustanda í Flugleiðaferð til útlanda.
12.00 **Valdís Gunnarsdóttir.**
15.00 **Bjarni Olafur Guðmundsson.** Tónlist og skemmtilegt spjall, ýmsar uppákomur.
19.00 **Hafþór Freyr hitar upp fyrir næturvakt. Símalína opin fyrir óskalögin 611111.**
22.00 **Haraldur Gíslason með tónlist fyrir fólkið sem heima situr og vill heyra uppáhaldslögin.**
2.00 **Dagskrárlok.**

## STJARNAN FM 102 & 104

7.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Ungir Íslendingar í spjalli. Morgunleikfimin á sínum stað. Bjarni er málið.
11.00 **Snorri Sturluson.** Við erum komin í helgarskap á Stjörnunni.
15.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Það fer ekkert framhjá Sigga Hlöðvers. Helgin framundan og allt á útopnu.
19.00 **Helgartónlist á Stjörnunni.** Ekkert kjaftæði!
20.00 **BIG-FOOT.** Hann er mættur og aldrei betri.
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.** Fróðleikur og ný tónlist. Þorsteinn Högni veit allt um nýja tónlist.
24.00 **Ólöf Marín Úlfarsdóttir.** Partístuð eins og það gerist best. Tónlistin er ný, fersk og hress. Síminn er 622939.
4.00 **Arnar Albertsson.** Þú finnur ekki hressari dreng á landinu. Hann fer í ljós þrisvar í viku.

## ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **Kvennó.**
18.00 **MH.**
20.00 **FG.**
22.00 **MR.**
24.00 **Næturvakt í umsjón Kvennó.** Óskalög & kveðjur, sími 680288.
4.00 **Dagskrárlok.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Benni Elfar.**
10.00 **Kristján Jónsson.**
13.00 **Arnór Björnsson.**
15.00 **Finnbogi Gunnlaugsson.**
17.00 **Ívar Guðmundsson.**
19.00 **Guðný Mekkinósdóttir.**
22.00 **Árni Vilhjálmur Jónsson.**
3.00 **Arnar Þór Óskarsson.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Góðir grannar.** Litið á mannlífið í byggðarlögunum umhverfis Reykjavík.
12.00 **Tónafljót.**
13.00 **Útvarp Suðurnesja.** Blandaður þáttur með góðri tónlist og innskotum um sitthvað áhugavert af Suðurnesjunum. Umsjón: Friðrik K. Jónsson.
17.00 **Í upphafi helgar....** með Guðlaugi Júlíussyni.
19.00 **Raunir** Reynis Smára.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur í umsjá Gullu.
21.00 **GOTT BÍT.** Tónlistarþáttur með Kidda kanínu og Atóm-Geira.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Hafnarfjörður í helgarbyrjun.** Fréttir, viðtöl og tónlist.

## SKY One

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
7.30 **Super Password.** Spurningaleikur
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors.** Framhaldsþáttur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.** Getraunaleikur.
17.30 **Sale of the Century.** Getraunaleikur.
18.00 **Black Sheep Squadron.** Spennuflokkur.
19.00 **Riptide.** Spennumyndaflokkur.
20.00 **Hunter.** Spennumyndaflokkur.
21.00 **All American Wrestling.**
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Deadly Earnes Horror Show.** Hryllingsþáttaröð.
00.30 **Poppþáttur.**

## SKY MOVIES

13.00 **Letters To Three Wives.**
15.00 **Jem.**
17.00 **California Girls.**
19.00 **Command in Hell.**
21.00 **The Deliberate Stranger, part 1.**
22.45 **Reptilicus.**
00.30 **Maximum Overdrive.**
03.00 **Desperately Seeking Susan.**

## EUROSPORT

9.00 **Fimleikar.** Heimsmeistarakeppnin sem fram fer í Stuttgart.
10.00 **Tennis.** Úrslitakeppni landsliða sem fram fer í Tokýo.
11.00 **Fimleikar.** Heimsmeistarakeppnin sem fram fer í Stuttgart.
13.00 **Indy Car World Series.** Kappakstur í Bandaríkjunum.
14.00 **Knattspyrna.** Undankeppni heimsmeistarakeppninnar.
15.00 **Judo.** Keppni þeirra fremstu í Belgrad.
16.00 **Fimleikar.** Heimsmeistarakeppnin sem fram fer í Stuttgart.
18.00 **Hafnabolti.** Keppni atvinnumanna í Bandaríkjunum.
19.00 **Fimleikar.** Heimsmeistarakeppnin sem fram fer í Stuttgart.
21.00 **Körfubolti.** McDonalds-keppnin. Evrópsk lið gegn bandarískum.
23.00 **Judo.** Keppni þeirra fremstu í Belgrad.

## SUPER CHANNEL

14.30 **Off the Wall.** Poppþáttur.
15.30 **On the Air.** Lifandi tónlist.
18.30 **The Global Chart Show.** Tónlistarþáttur.
18.30 **Fréttir og veður.**
18.35 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.
19.00 **Max Headroom.** Spennumyndaflokkur.
19.30 **Snub.** Skemmtiþáttur.
20.00 **Poppkonsert.**
21.00 **Fréttir og veður.**
21.10 **Rapido.** Poppþáttur.
21.40 **Poppþáttur**
22.40 **Fréttir og veður.**
22.50 **Power Hour.** Rokkþáttur.
23.50 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.

### Stöð 2 kl. 18.15:

# Sumo-glíma

Þótt ótrúlegt sé þá eiga þættirnir, sem sýna hina fornu sumo-glímu, nokkrum vinsældum að fagna á Vesturlöndum. Á Stöð tvö hafa þegar verið sýndir fjórir þættir og er ekki hægt að neita því að það er margt við þessa fornu íþrótt sem gerir það að verkum að heillandi er að fylgjast með tröllum þeim sem hana iðka.



**Eins og sjá má eru sumo-glímukapparnir hinir stæðilegustu.**

Þótt sumo sé lík íþrótt og fjölbragðaglíma telja Japanir íþróttina einnig list. Í sumo eru reglur sem eru orðnar þúsund ára gamlar og sumar athafnir sumokappanna eru trúarlegar eins og komið hefur fram hjá ágætum skýranda þáttanna.

Glímukapparnir eru mjög þungir og er meðalþyngd í kringum 200 kíló. Þrátt fyrir þessa miklu þyngd eru þetta geysivel þjálfaðir íþróttamenn sem hafa mikinn sjálfsaga.

Sumo er elsta sjálfsvarnarlistin og þeir sem stunda hana eru þeir einu sem geta sagst vera afkomendur hinna frægu samúræja.
-HK



**Borgarleikhúsið er mikil og glæsileg bygging.**

### Sjónvarp kl. 20.30:

# Opnun Borgarleikhússins

Bein útsending verður í kvöld frá hinni veglegu vígsluathöfn Borgarleikhússins. Þar verður fjölbreytt dagskrá. Hefst hún með samleik blásarakvintetts í anddyri leikhússins. Að honum loknum hefst leikin sögusyrpa um aðdraganda að byggingu leikhússins og feril Leikfélags Reykjavíkur fram til vígslustundar. Að syrpunni lokinni verða ræðuhöld. Meðal ræðumann verður Davíð Oddsson borgarstjóri. Þá verður flutt frumsamið verk eftir Atla Heimi Sveinsson. Að lokum mun Kammersveit Reykjavíkur leika.

Sjónvarpið mun fylgjast með athöfninni fram til kl. 21.30. Stjórnandi útsendingar verður Björn Emilsson.

### Sjónvarp kl. 22.20:

# Neðanjarðarbrautin

Á kvikmyndahátíð, sem nú stendur yfir, er sýnd fyrsta kvikmynd franskaleikstjórans Luc Besson, Úrslitaorrustan (Le dernier combat). Var það gert til að kvikmyndaunnendur gætu kynnst frumverki þessa franska leikstjóra sem vakið hefur mikla eftirtekt með tveimur myndum sem komu í kjölfarið á Úrslitaorrustunni, Subway og The Big Blue.



**Christopher Lambert leikur aðalpersónuna í Subway, Fred, sem er á flótta.**

Sjónvarpið mun sýna Subway í kvöld sem er sérlega vel gerð og skemmtileg kvikmynd er gerist að mestu neðanjarðar eða í þeirri furðuveröld þar sem neðanjarðarlestir bruna um.

Við fylgjumst með nokkrum manneskjum sem koma úr mörgum stigum þjóðfélagsins. Í byrjun kynnumst við Fred sem er á flótta. Í veislu, sem hann var staddur í, stal hann skjölum. Á flótta sínum leitar hann skjóls í neðanjarðarlestum Parísar, Metro. Þar kynnist hann furðufuglum á borð við hjólaskautanáungann, blómasölumanninn, trommarann og líkamsræktartröllið. Þá kemur Héléne einnig mikið við sögu en henni hafði Fred kynnst í veislunni.

Subway er heillandi kvikmynd sem markaði komu leikstjóra sem á örugglega eftir að láta mikið að sér kveða í framtíðinni.
-HK